



Aðalfundur Dýraverndarsambands Íslands

25. maí 2023 kl 17:00-19:00.

Grensásvegi 8, 108 Rvk.

Fundarstjóri: Edda Elísabet Magnúsdóttir

Ritari: Íris Lilja Ragnarsdóttir

Linda Karen Gunnarsdóttir, formaður

Dagskrá aðalfundar DÍS:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Fundarmenn samþykkja tillögur formanns að fundarstjóra og fundarritara.

2. Ársskýrsla stjórnar

Linda Karen, formaður, les yfir ársskýrslu stjórnar. Ýmislegt dregið fram um stöðu dýra á Íslandi og þau mál sem stjórnin hefur verið að vinna að síðastliðið ár, t.d. mál tengd búfjárhaldi, hvalveiðum og blóðmerahaldi. Einnig lét stjórnin gera úttekt á reynslu af búfjárefirliti á Íslandi og hóf að vinna að nýju fjáröflunarverkefni. Stjórnin lét einnig setja húsnæði félagsins á sölu og það er í ferli. Á næsta ári verður félagið 110 ára og þá er stefnt á að halda afmælishátíð. Sjá nánar um þessi mál, og fleiri, í skýrslu.

Umræður um skýrslu:

- Félagi til margra ára í DÍS vill þakka stjórn DÍS, og sérstaklega Önnu Berg, fyrir mikla og góða vinnu og frábært starf í fagráði um velferð dýra.
- Sami félagi kemur með fyrirspurn um nýlegan fund með Bændasamtökunum og vill vita hvernig hann gekk.

Anna Berg og Liselotte, stjórnarmeðlimir, segja frá upplifun sinni af fundinum. Þær segja að fundurinn hafi verið góður, þó að það væru ákveðin kjarnamál sem þau voru ekki sammála um. En allir báru virðingu fyrir hvor öðrum og góðar umræður áttu sér stað. Til dæmis var mikið rætt um leyfisskyldu í búfjárhaldi og fulltrúar DÍS og fulltrúar Bændasamtakanna voru ósammála þar.

Ritari DÍS, Hrefna Sigurjónsdóttir, skýtur inn í umræðuna að stjórn DÍS hafi reynt að fá fulltrúa frá Bændasamtökunum til að taka þátt í pallborði á málþingi sambandsins sem haldið var í Öskju fyrr á árinu en að þau hafi ekki þegið boðið.

- Sami félagi spyr líka hvort Survive Iceland þolreiðarkeppnin fái að halda áfram.

Linda Karen, formaður, segir að þau sem koma að keppninni muni ekki halda hana í ár, en að þau stefni á að halda hana aftur og það þurfi að fylgjast vel með því.

3. Bætt dýravelferð - Ágúst Ólafur Ágústsson

Ágúst Ólafur Ágústsson, sem vann úttekt á reynslu af búfjáreftirliti á Íslandi fyrir Dýraverndarsambandið, kynnir helstu niðurstöður skýrslunnar og tillögur til úrbóta. Sjá nánar í skýrslu á heimasíðu sambandsins, dyravernd.is.

Umræður um skýrslu

- Félagi, sem einnig er fulltrúi Dýrahjálpar, segir að það sé mikill áhugi á og þörf fyrir dýrathvarf.
- Félagi minnst á að þegar fólk í Borgarbyggð var vörslusvipt á síðasta ári, þá voru langflestir nautgripirnir aflífaðir. Ekki var reynt að gera neinar aðrar ráðstafanir.
- Félagi vill að MAST, vilji þau í alvöru hafa almennilegt eftirlit, útskýri fyrir starfsfólki t.d. svína- og kjúklingabúa hvernig aðstæður eigi að vera á þessum búum og að passað sé að þau viti hvernig er hægt að tilkynna um brot (í ljósi þess að þetta eru mest farandverkamenn sem eru ekki vel upplýstir um þessi mál).

Kaffihlé

4. Ársreikningar lagðir fram til samþykktar

Linda Karen fer yfir ársreikninga ársins 2022. Þeir eru samtals fjórir (Dýraverndarsamband Íslands og Sólskríkjusjóðurinn, Minningarsjóður Peders J Steffensen, Sauðfjárverndin, og Tækjakaupasjóðurinn Dýrin mín stór og smá).

Reikningarnir eru lagðir fyrir fundinn til samþykktar.

- Engar athugasemdir við reikning **DÍS og Sólskríkjusjóðinn**. Reikningur samþykktur einróma.
- Ein spurning varðandi **Minningarsjóð Peders J Steffensen**: Hvað er kostnaðarliðurinn „sérfræðipjónusta“ sem fram kemur á reikningnum? Linda Karen útskýrir að þetta sé launakostnaður vegna úttektarinnar um reynslu af búfjáreftirliti á Íslandi. Engar aðrar athugasemdir. Reikningur samþykktur einróma.
- Ein spurning varðandi **Sauðfjárverndina**: Hvaða sjóður er þetta? Linda Karen útskýrir að þetta sé gamall sjóður sem sé búinn að standa óhreyfður lengi. Engar aðrar athugasemdir. Reikningur samþykktur einróma.
- Engar athugasemdir við reikning **Tækjakaupasjóðsins**. Reikningur samþykktur einróma.

5. Lagabreytingartillögur

Liselotte, stjórnarmeðlimur DÍS, kynnir lagabreytingartillögur.

2. gr. var:

2. gr.

Hlutverk sambandsins er:

- a) að vinna að bættri velferð dýra og standa vörð um lögvernd þeirra svo sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.
- b) að beita sér fyrir fræðslu og upplýsingamiðlun um góða meðferð dýra og hvetja skóla, félagasamtök og einstaklinga til að efla velferð þeirra.
- c) að taka virkan þátt í umræðu um málefni og velferð dýra meðal opinberra aðila og í fjölmiðlum.
- d) að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um dýravelferð.
- e) að stuðla að góðri lagasetningu og reglubundnu og markvissu opinberu eftirliti til verndar dýrum og gefa faglegar umsagnir um breytingar á lögum og reglum um dýravelferð.
- f) að stuðla að málefnalegri umræðu um dýravelferð og málefni dýra.

2. gr. verði:

2. gr.

Félagið er sameiginlegur vettvangur þeirra sem vilja stuðla að velferð dýra, villtra og taminna, búfjár og gæludýra, ásamt náttúruvernd í þágu dýra.

Hlutverk sambandsins er að vinna að bættri velferð dýra og standa vörð um lögvernd þeirra svo sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Tilgangi sínum hyggst sambandið ná m.a. með því að:

- a) beita sér fyrir fræðslu og upplýsingamiðlun um góða meðferð dýra og hvetja skóla, félagasamtök og einstaklinga alla að auka og efla velferð þeirra.
- b) taka virkan þátt í og stuðla að málefnalegri, opinberri umræðu um málefni og velferð dýra, þ.á. m. hvernig dýrahald helst oft í hendur við ógnir við náttúru og umhverfi, sbr. þau leiddi dýra sem hefur mikið kolefnisspor og veldur oft mengun.
- c) taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um dýravelferð.
- d) þrýsta á yfirvöld að bæta lagasetningu þegar þörf er á og fylgjast með að reglubundið og markvissu opinbert eftirlit til verndar dýrum fari fram. Gefa faglegar umsagnir um breytingar á lögum og reglum um dýravelferð.

3. gr. verði - viðbætur, fært úr 7. gr. yfir í 3 gr.

3 gr.

Sambandið skal starfrækja skrifstofuaðstöðu eftir því sem aðstæður leyfa og henta starfseminni á hverjum tíma.

4. gr. var:

II Aðild og fjárreiður

4. gr.

Félagar geta orðið allir þeir einstaklingar og skráð félög sem vilja vinna að bættri meðferð dýra í samræmi við hlutverk og skuldbindingar sambandsins skv. lögum þessum. Fullgildir félagsmenn teljast samþykktir félagar, sem greitt hafa árlegt félagsgjald.

Nýir félagar eru samþykktir á aðalfundi ár hvert og öðlast rétt til að greiða atkvæði og gefa kost á sér til stjórnar á næsta aðalfundi.

Félagsmenn hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins. Rétt til að greiða atkvæði á fundum félagsins og kjörgengi í stjórn og nefndir hafa einungis fullgildir félagar sem greitt hafa félagsgjöld. Félagsgjöld skulu ákveðin á aðalfundi ár hvert og eru innheimt árlega.

Stjórn heldur félagaskrá sambandsins, sér um samskipti við félagsmenn og innheimtu félagsgjalds.

Félagaskrá má stjórnin eigi láta af hendi nema með samþykki aðalfundar og hvers einstaks félaga sem um ræðir.

Félagsmönnum ber að virða lög félagsins, fundarsköp, fundarsamþykktir og ákvarðanir stjórnar.

Félagsmönnum er óheimilt að tjá sig á opinberum vettvangi í nafni félagsins nema með samþykki stjórnar.

Heimilt er með samþykki aðalfundar að vísa einstaklingi úr félaginu hafi hann gerst brotlegur við lög um velferð dýra eða brotið gróflega gegn reglum um félagsaðild sambandsins samkvæmt ofangreindu.

4. gr. verði:

II Aðild

4. gr.

Félagar geta orðið allir þeir einstaklingar, sem eru 18 ára og eldri og skráð félög sem vilja vinna að bættri meðferð dýra í samræmi við hlutverk og skuldbindingar sambandsins skv. lögum þessum. **Stjórn samþykkir nýja félagsmenn.** (fellt út)

Félagsmenn hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins. Rétt til að greiða atkvæði á fundum félagsins og kjörgengi í stjórn og nefndir hafa einungis fullgildir félagar.

Félagsmönnum er óheimilt að tjá sig á opinberum vettvangi í nafni félagsins nema með samþykki stjórnar.

Heimilt er með samþykki aðalfundar að vísa einstaklingi úr félaginu hafi hann gerst brotlegur við lög um velferð dýra eða brotið gróflega gegn reglum um félagsaðild sambandsins samkvæmt ofangreindu.

5 gr. var:

5. gr.

Reikningsár sambandsins er almanaksárið. Stjórn velur viðurkennda fagaðila utan stjórnar sem sjá um bókhald og gerð ársreikninga sambandsins.

5 gr. verði:

Felld brott og færð undir 6 gr. sem þá verður 5 gr.

6 gr. var:

6. gr.

Sex manna stjórn sambandsins sér um alla framkvæmd félagsins, annast öll málefni þess og er í fyrirsvari fyrir félagið út á við. Stjórn skipa formaður, gjaldkeri og ritari, auk þriggja meðstjórnenda. Einnig skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga.

Formaður er talsmaður sambandsins. Formaður boðar til stjórnarfunda og hefur yfirumsjón með allri starfsemi sambandsins, skipulagi og rekstri. Formaður getur falið stjórnarmönnum verkefni eftir því sem við á.

Ritari er staðgengill formanns. Ritari skal halda fundarbók stjórnar, skrifa fundargerðir félagsfunda, halda utan um ársskýrslu stjórnar og ritstýra fréttabréfi sambandsins.

Gjaldkeri ber ábyrgð á bókhaldi sambandsins, sér um innheimtu félagsgjalda og gerð ársreikninga. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

6 gr. verði:

5. gr.

Sex manna stjórn sambandsins er æðsta vald í málefnum sambandsins milli ársfunda og ber hún ábyrgð á starfsemi sambandsins. Stjórn tekur ákvarðanir í málum sem snerta rekstur sambandsins, m.a. frávík frá árlegri fjárhagsáætlun og skipulagi starfseminnar. Stjórn sér um alla framkvæmd félagsins, annast öll málefni þess og er í fyrirsvari fyrir félagið út á við (sbr. 6. gr.).

Stjórn skipa formaður, gjaldkeri og ritari, auk þriggja meðstjórnenda.

Formaður er talsmaður sambandsins. Formaður boðar til stjórnarfunda með minnst tveggja daga fyrirvara, nema brýna nauðsyn beri til að boða fund með skemmri fyrirvara, og skal tillaga um dagskrá fundarins fylgja fundarboði. Formaður hefur yfirumsjón með allri starfsemi

sambandsins, skipulagi og rekstri. Formaður getur falið stjórnarmönnum verkefni eftir því sem við á.

Ritari er staðgengill formanns. Ritari skal skrifa fundargerðir stjórnar og félagsfunda, ásamt því að halda utan um ársskýrslur stjórnar.

Gjaldkeri ber ábyrgð á bókhaldi sambandsins og sér um innheimtu félagsgjalda.

Reikningsár sambandsins er almanaksárið. Stjórn velur viðurkennda fagaðila utan stjórnar sem sjá um bókhald og gerð ársreikninga sambandsins.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

7 gr. var:

7. gr.

Sambandið skal starfrækja skrifstofuaðstöðu eftir því sem aðstæður leyfa. Stjórn getur ráðið framkvæmdastjóra og/eða starfsmann til að sjá um daglega umsýslu sambandsins.

Framkvæmdastjóri og/eða starfsmaður situr stjórnarfundum sambandsins eftir því sem við á.

7 gr. verði:

6. gr.

Stjórn getur ráðið framkvæmdastjóra og/eða starfsmann til að sjá um daglega umsýslu sambandsins.

Framkvæmdastjóri og/eða starfsmaður situr stjórnarfundum sambandsins eftir því sem við á.

8. gr. var:

8. gr.

Stjórn getur óskað eftir þátttöku félagsmanna í starfsemi þess og stofnað nefndir eða vinnuhópa til lengri eða skemmri tíma, eftir því sem verkefni eða aðstæður gefa tilefni til.

8. gr. verði:

7. gr.

Stjórn heldur félagaskrá sambandsins og sér um samskipti við félagsmenn. Félagaskrá má stjórnin eigi láta af hendi nema með samþykki aðalfundar og hvers einstaks félaga sem um ræðir. (fært úr 4 gr.)

Stjórn getur óskað eftir þátttöku félagsmanna í starfsemi þess og stofnað nefndir eða vinnuhópa til lengri eða skemmri tíma, eftir því sem verkefni eða aðstæður gefa tilefni til.

9. gr. var:**9. gr.**

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum sambandsins. Aðalfundur skal halda fyrir lok maí ár hvert.

Til hans skal boða með minnst 14 daga fyrirvara með auglýsingu og samkvæmt gildandi félagaskrá á hverjum tíma og telst hann þá lögmætur. Rétt til setu á aðalfundi eiga allir fullgildir félagsmenn.

Á aðalfundi skal stjórn kynna ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir störfum félagsins á liðnu ári, kynna tillögur um verkefni næsta árs og leggja fram skoðaða reikninga félagsins og álit skoðunarmanna til afgreiðslu. Kynni stjórn DÍS fyrirhuguð verkefni sem fela í sér veruleg fjárútlát þarf samþykki tveggja þriðju aðalfundargesta til þeirra verkefna.

Lagabreytingar má aðeins gera með samþykki aðalfundar. Tillögur um lagabreytingar skulu sendar stjórn a.m.k. viku fyrir boðaðan aðalfund og kynntar félagsmönnum a.m.k. 5 dögum fyrir aðalfund.

9. gr. verði:**8. gr.**

Stjórn sambandsins skal kosin á aðalfundi til tveggja ára í senn. Kjörgengi til stjórnarsetu eiga allir fullgildir félagsmenn.

Aðeins einstaklingar geta boðið sig fram til stjórnar, félög með aðild geta ekki boðið fram mann til stjórnar í sínu umboði. Kjósa skal formann, tvo meðstjórnendur og annan endurskoðunarmann reikninga annað hvert ár en hitt árið skal kjósa gjaldkera, ritara, þriðja meðstjórnanda og hinn endurskoðunarmann reikninga. Láti stjórnarmaður af störfum áður en kjörtímabili lýkur skal kjósa í embætti hans á næsta aðalfundi.

Framboð til stjórnarsetu skal berast stjórn a.m.k. viku fyrir boðaðan aðalfund og kynnt félagsmönnum a.m.k. fimm dögum fyrir aðalfund.

Nýir félagar eru samþykktir á aðalfundi ár hvert og öðlast rétt til að greiða atkvæði og gefa kost á sér til stjórnar á næsta aðalfundi á eftir. Teljast þeir þá fullgildir félagsmenn.

Félagsgjöld skulu ákveðin á aðalfundi ár hvert og innheimt árlega. (fært úr 4 gr.)

Allar breytingar og tilfærslur voru samþykktar án breytinga og einróma, nema breytingar í hluta II, 4 gr. sem snýr að aðild. Þar var samþykkt að fella út texta um fullgilda félagsmenn og að hafna texta um að stjórn skrái nýja félagi (þessi texti er hér merktur með gulu).

Í lok þessa dagskrárliðs, spyr fundarstjóri fundargesti hvort allar breytingar séu samþykktar og þær eru samþykktar einróma.

6. Dýraverndari ársins 2022

Anna Berg tilkynnir hver er Dýraverndari ársins 2022 og það er Steinunn Árnadóttir. Hún fær þessa tilnefningu fyrir hugrekki, sitt, seiglu og áræðni. Hún vakti athygli á og hefur barist fyrir bættri velferð dýra á búi í Borgarbyggð og á Vestfjörðum. Steinunn tekur við viðurkenningunni, þakkar fyrir sig og segir nokkur orð.

7. Nýtt merki DÍS til samþykktar

Þessi liður er tekinn út og verður settur inn á næsta félagafundi sem haldin verður í haust.

8. Kjör formanns

Ekki barst mótframboð svo formaðurinn, Linda Karen Gunnarsdóttir, er sjálfkjörin og situr áfram til næstu tveggja ára.

9. Kjör annarra stjórnarmanna

Kosið er um stöðu tveggja meðstjórnenda til tveggja ára. Ekki bárust mótframboð og sitjandi meðstjórnendur, Anna Berg Samúelsdóttir og Liselotte Widing, eru því sjálfkjörnar og sitja áfram.

10. Kjör skoðunarmanns reikninga úr hópi annarra en stjórnarmanna

Skoðunarmenn reikninga eru tveir og önnur staðan losnar núna. Meike Witt víkur og Valgerður Árnadóttir, sem gefur ein kost á sér í stöðu skoðunarmanns reikninga, er sjálfkjörin.

11. Félagsgjöld og nýir félagar til samþykktar

Umræða um félagsgjöld. Rætt um það hvort hækka eigi félagsgjöldin, t.d. í 3500 kr. Minnst er á að margir séu að greiða félagsgjöld á mörgum stöðum og því e.t.v. ekki gott að hækka gjöldin. Eins er bent á að heimtur geti orðið minni ef þau hækka. Ákveðið er að hafa gjöldin þau sömu en að þetta verði endurskoðað á næsta Aðalfundi. Í lokin bendir félagsmaður á að stjórnin eigi þá að taka inn í myndina að stefnt sé að því að fjáröflun verði ekki einungis í gegnum félagsgjöld, heldur líka í gegnum styrktarmöguleika á borð við það að gerast „dýraverndari.“ Skoða mætti hvort þeir sem gerist styrktaraðilar eigi að greiða félagsgjöld, skoða þurfi nálgun á það.

Nýir félagar eru 83 og stjórnin leggur til að þeir séu samþykktir af fundinum án þess að nöfn þeirra séu lesin upp. Tillagan er samþykkt einróma.



12. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið um kl. 19.15.

Ársskýrsla stjórnar DÍS 2022-2023

Á aðalfundi í ágúst 2022 tók við ný stjórn hjá Dýraverndarsambandinu. Stjórn DÍS starfsárið 2022-2023 skipa Linda Karen Gunnarsdóttir formaður, Hrefna Sigurjónsdóttir ritari, Anna Berg Samúelsdóttir meðstjórnandi, Liselotte Widing meðstjórnandi, Sigursteinn Másson meðstjórnandi og Marietta Maissen gjaldkeri.

Ný stjórn ákvað að stjórnarfundir yrðu haldnir aðra hverja viku. Stjórnarfundir voru alls 19 talsins á starfsárinu. Stjórn sinni öllu starfi félagsins í sjálfböðastarfi.

Verkefni Dýraverndarsambands Íslands á þessu starfsári hafa verið bæði viðamikil og fjölbreytt. Ljóst er að það hallar á dýravelferð í öllum málaflokkum dýra og því mikil þörf fyrir öflugna rödd dýravelferðar í samfélaginu.

Ákveðið var að leggja áherslu á þrjú mál á árinu; búfjárefartil og eftirlit almennt með dýravelferð, hvalveiðar og blóðmerahald. Stærsta verkefni stjórnar á starfsárinu hefur án vafa verið búfjáreftilitið, en staðan varðandi eftirlit með dýravelferð er ekki ásættanleg og í raun háalvarleg þegar kemur að viðbrögðum yfirvalda varðandi dýr í neyð.

Fagráð um velferð dýra

DÍS á fulltrúa í fagráði um velferð dýra sem er Matvælastofnun (MAST) til ráðgjafar í dýravelferðarmálum. Nýr fulltrúi tók við í október, Anna Berg Samúelsdóttir bú- og landfræðingur sem situr einnig í stjórn DÍS. Rósa Líf Darradóttir læknir og varaformaður Samtaka um dýravelferð á Íslandi tók við sem varafulltrúi DÍS í ráðinu. Anna hefur staðið sig mjög vel í ráðinu en hún hefur setið alla fundi og mikill fengur fyrir félagið að hún tók að sér þetta verkefni, ráðið er virkara en það hefur verið og hefur veitt MAST ákveðið aðhald í málaflokknum.

Starf DÍS í málefnum dýravelferðar

Málið í Borgarbyggð

Á fyrstu dögum þessa starfsárs kom upp alvarlegt mál í Borgarbyggð þar sem hross voru innilokuð í hesthúsum í fleiri mánuði og voru vanfóðruð. Kom í ljós að nautgripir og sauðfé voru einnig innilokuð og í vanhöldum á bæ þessara aðila skammt frá. Matvælastofnun (MAST) sem fer með eftirlit með velferð dýra í landinu gaf eigendum dýranna ítrekaða fresti til úrbóta. Þetta mál reyndist áfellisdomur yfir vinnubrögðum stofnunarinnar í sínu hlutverki að verja velferð dýra. DÍS sendi frá sér yfirlýsingu vegna málsins, formaður kom fram viðtölum í fjölmiðlum og félagið sendi frá sér grein um háalvarlega stöðu dýraeftirlits sem vakti athygli í fjölmiðlum. Í nóvember var forstjóra MAST sent formlegt bréf þar sem óskað var eftir tafarlausum viðbrögðum stofnunarinnar í málinu og að dýrunum yrði komið til bjargar. Málinu lauk með vörslusviptingu í lok nóvember, þremur mánuðum eftir að það kom upp á yfirborðið, sama dag og áætluð mótmæli almennings áttu að fara fram á staðnum. Þrettán hross voru aflífuð, sauðfé á bænum einnig en nautgripir voru fjarlægðir. Þau hross sem ekki voru aflífuð voru ekki

vörslusvipt sem er óskiljanleg ákvörðun og fylgja þarf eftir að velferð þeirra sé gætt, en grunur leikur á að þau búi við bágar aðstæður, vanfóðrun, í hestahúshverfi í Reykjavík.

Hvalveiðar

DÍS sendi frá sér yfirlýsingu í september vegna eftirlits með velferð hvala við hvalveiðar þar sem því var fagnað, en ítrekaði jafnframt andstöðu sambandsins við slíkar veiðar.

DÍS hefur stutt Matvælaráðherra í því að auka mjög eftirlitið með hvalveiðum sem leytt hefur til þess að Matvælastofnun hefur lýst þeim langa tíma sem tekur að drepa marga hvali og að veiðarnar samræmist ekki markmiðum laga um dýravelferð. Eftirlitið og sérstaklega myndatökurnar síðasta sumar og haust staðfesta þá gagnrýni sem DÍS hefur haft uppi árum saman um að það er engin mannúðleg leið að drepa hvali og að veiðunum ber að hætta í eitt skipti fyrir öll.

Blóðmerahald

DÍS sendi frá sér umsögn í nóvember um frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra um bann við blóðmerahaldi og studdi frumvarpið eindregið.

Þýsk- svissnesku dýravelferðarsamtökin AWF/TSB höfðu samband við DÍS í mars vegna nýrrar heimildarmyndar þeirra um blóðtökuiðnaðinn hér á landi. Samtökin hafa unnið ötullega við að vekja athygli á málinu og hafa m.a. gert tvær heimildarmyndir um þennan iðnað sem hafa vakið mikla athygli. Áætlað er að vinna með þeim í einstökum verkefnum í framhaldi.

Úttekt á reynslu af eftirliti með velferð búfjár

Umræða hófst hjá stjórn DÍS í ágúst um að nauðsynlegt væri að gerð yrði úttekt á eftirliti MAST með velferð búfjár vegna vinnubragða stofnunarinnar í málinu í Borgarbyggð og annarra mála. Í september ákvað Ríkisendurskoðun að gera frumkvæðisúttekt á eftirliti stofnunarinnar sem DÍS fagnar. DÍS átti jafnframt fund hjá Ríkisendurskoðun í haust vegna gagnaöflunar Ríkisendurskoðunar. Stjórn ákvað í september að það væri nauðsynlegt að DÍS myndi láta rýna það eftirlit sem á að verja velferð dýra hér á landi og í kjölfarið benda á leiðir til úrbóta.

Stjórn DÍS fól Ágústi Ólafi Ágústssyni lög- og hagfræðingi að vinna slíka úttekt fyrir sambandið ásamt því að skoða beitingu viðurlaga, fjölda kæra og afdrif þeirra í réttarkerfinu. Vegna fjárhagslegra takmarkana þurfti að afmarka verkefnið við eftirlit búfjár um sinn.

Skýrslan var kynnt á málþingi í Öskju þann 14. mars sl. Málþingið fór vel fram og sóttu það um 100 manns, í sal og í gegnum streymi og mjög gott að sjá áhuga dýravina á þessu málefni. Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra opnaði málþingið. Í pallborði sátu Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir hjá Matvælastofnun, Einar Örn Thorlacius lögfræðingur hjá Matvælastofnun, Ása Þórhildur Þórðardóttir skrifstofustjóri á skrifstofu landbúnaðar hjá matvælaráðuneyti, Sigtryggur Veigar Herbertsson sérfræðingur í dýravelferð, Ágúst Ólafur

Ágústsson lögfræðingur og hagfræðingur, Linda Karen Gunnarsdóttir formaður DÍS og Anna Berg Samúelsdóttir stjórnarmaður í DÍS og fulltrúi sambandsins í fagráði um velferð dýra.

Alls kynnti skýrsluhöfundur 17 umbótatillögur sem meðal annars gera ráð fyrir fjölgun dýraeftirlitsaðila og hertari aðgerðum gagnvart þeim sem uppvísir verða að því að brjóta lög um dýravelferð.

DÍS mun fylgja tillögnum vel eftir og mun funda á nýju starfsári með MAST og matvælaráðuneyti.

Fundur með stjórnsýslunni

DÍS átti fund með matvælaráðherra í september ásamt Samtökum um dýravelferð á Íslandi (SDÍ) þar sem málefni þessa starfsárs voru rædd við ráðherra, þ.e. búfjáreftirlit, hvalveiðar og blóðmerahald. SDÍ óskaði eftir föstum samráðsfundum með ráðuneytinu og tók ráðherra vel í þá ósk. Annar samráðsfundur með ráðuneytinu var í febrúar. Á þeim fundi fjallaði DÍS um búfjáreftirlitið, hvalveiðar, halaklippingar á grísum, stöðu dýralæknabjónustu á landsbyggðinni, stöðu hálf villtra dýra og brunavarnir í gripahúsum og SDÍ fjallaði um blóðtöku úr fylfullum hryssum.

Í október var DÍS boðið á samstarfsfund hjá MAST. Á fundinum var fjallað um eftirlit með velferð dýra.

Í nóvember óskaði DÍS eftir fundi með matvælaráðuneytinu og svo með Bændasamtökum Íslands vegna stöðunnar í dýravelferðarmálum í tengslum við alvarlega stöðu málsins í Borgarbyggð.

Í febrúar óskaði yfirstjórn MAST eftir fundi með DÍS. Tilfni fundarins var að kynna og ræða framkvæmd og málsmeðferð dýraeftirlits hjá stofnuninni. Ágúst Ólafur Ágústsson lög- og hagfræðingur sat fundinn ásamt stjórn DÍS vegna gerðar úttektar um reynslu af búfjáreftirliti.

Í maí óskaði DÍS eftir fundi með forstjóra MAST vegna tveggja mála sem ítrekað hafa verið tilkynnt til stofnunarinnar, þar sem velferð dýranna hafði ekki verið varin eins og lög gera ráð fyrir. Um er að ræða bæ í Borgarbyggð með hundruð sauðfjár og hross í Arnarfirði sem eru í alvarlegum vanhöldum.

DÍS átti í nokkrum bréfaskriftum við MAST vegna einstakra mála á þessu starfsári en nokkuð var um að haft væri samband við félagið vegna illrar meðferðar á dýrum. DÍS hafði afskipti af og vakti athygli á vanrækslu á búfé í Skagafirði og í Mosfellsdal og fór formaður á staðinn í því máli. DÍS sendi frá sér hvatningu til Landssambands hestamannafélaga (LH) vegna velferðar hrossa í þolreiðarkeppninni Survive Iceland, en skipulagi keppinnar var þó ekki breytt. Kom í ljós í heilbrigðisskoðun sérgreinadýralæknis MAST að alltof mikið álag hafði verið á hrossin í keppninni. DÍS mun fylgja málinu eftir en fyrirhugað er að halda keppnina aftur á næsta ári.

Önnur verkefni á borði stjórnar

Veturinn í ár var óvenju harður og áttu fuglar erfitt uppdráttar, sérstaklega andfuglar. DÍS sendi tvær hvatningar frá sér til almennings á samfélagsmiðlum um að gefa fuglunum og fékk það mikla dreifingu. Dýravinir skipulögðu markvissa fóðurgjöf á höfuðborgarsvæðinu í kjölfarið og eiga mikið lof skilið fyrir mikið og góðhjartað starf í þágu fugla. Einnig var hvatning send til allra sveitarfélaga um að gefa andfuglum sem voru í neyð á þessum tíma.

DÍS hefur óskað eftir fundi með matvælaráðuneyti vegna brunavarna í gripahúsum. Einnig var fyrirspurn send á Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra vegna hrossa í hesthúsi á snjóflóðahættusvæði í Neskaupsstað. Fagrað um velferð dýra mun taka það mál upp, en óásættanlegt er að dýr séu haldin þar sem hætta getur skapast að vetri.

Stjórn DÍS sendi frá sér tvær umsagnir um frumvörp til laga og eina um tillögu til þingsályktunar á starfsárinu.

DÍS hefur mikilvægu hlutverki að gegna varðandi fræðslu um velferð dýra. Félagið sendi frá sér grein í hestatímaritið Eiðfaxa í febrúar sem fjallaði um velferð hrossa þar sem m.a. var bent á skort á eftirliti með velferð hrossa í keppni og að það þurfi að auka umræðu um mikilvægi hestvænnar reiðmennsku.

Nefndarstörf

Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi (FSP) óskaði eftir kröftum DÍS varðandi þátttöku í samráðsvettvangi ólíkra félagasamtaka um stöðu Íslands gagnvart og við endurskoðun á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (SP) um sjálfbæra þróun. Anna Berg var fulltrúi DÍS í tveimur vinnuhópum sem voru: hópur fyrir heimsmarkmið nr. 11 (Sjálfbærar borgir og samfélög) og 12 (Ábyrg neysla og framleiðsla) og svo hópur fyrir markmið nr. 13. (Aðgerðir í loftlagsmálum), 14. (Líf í vatni) og 15. (Líf á landi). Hóparnir hittust alls fimm sinnum og náði Anna að taka þátt í þrem af þeim fundum og rýna svo í lokin lokaskýrslu hópanna.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið bauð DÍS í samstarfi við matvælaráðuneytið á vinnustofu um aðlögun að loftslagsbreytingum og landbúnað. Hrefna Sigurjónsdóttir, ritari DÍS, fór á fundinn þar sem umræðan snérist mest um kolefnisbúskap. Hrefna vakti máls á tveimur málum, er snéri að velferð dýra; brunahættu í útihúsum og hve þaueldi (svína- og kjúklingarækt) væri neikvætt bæði út frá meðferð á skepnunum og miklu kolefnisspori. Skoraði hún á ráðuneytið að endurskoðuð yrði stefna yfirvalda um þaueldi á dýrum og að almennt yrði miðað að því að stytta fæðukeðjur til að minnka kolefnissporið. Segja má að með þessu hafi velferð dýra komist meira að í umræðunni en ella, því enginn annar ljáði máls á þeim þætti.

Jólaþing með félagasamtökum

Stjórn DÍS ákvað að bjóða fulltrúum dýravelferðarsamtaka í jólaþingi í húsnæði félagsins þann 4. desember til að búa til vettvang fyrir fulltrúa félaganna til að kynna og heyra meira um störf

hvers félags. Fulltrúar frá fimm félögum sáu sér fært að koma og var samkoman mjög ánægjuleg í alla staði með góðum umræðum um málefni dýravelferðar.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

Stjórn ákvað að uppfæra núverandi heimasíðu félagsins eftir bestu getu í stað þess að leggja í kostnað við gerð nýrrar heimasíðu. Félagið er einnig komið með aðgang á Instagram en var áður aðeins á Facebook.

Fjáröflun vegna starfsemi

Þegar farið var yfir fjárhag félagsins varð ljóst að kostnaður félagsins er umfram tekjur. Miðað við umfang verkefna félagsins er nauðsynlegt að fá félaginu starfsmann og til þess þarf að tryggja trausta fjármögnun. Ákveðið var að sækja um styrk hjá fjárlaganefnd Alþingis sl. haust en styrkur fékkst ekki að þessu sinni. Sótt verður um aftur á nýju starfsári. Ákveðið var að fara í samstarf við Miðlun ehf varðandi fjáröflun og er það verkefni aðeins komið af stað og heldur áfram á nýju starfsári. Um er að ræða öflun mánaðarlegra styrktaraðila. Ákveðið var að gefa mánaðarlegum styrktaraðilum heitið Dýraverndarar sem er viðeigandi heiti fyrir bakhjarla DÍS og tilvísun í gamla tímarit félagsins, Dýraverndarinn.

Húsnæði félagsins

Dýraverndarsambandið á húsnæði að Grensásvegi 8 á fjórðu hæð. Upprunalega keypti félagið húsnæði á jarðhæð á Grensásvegi 12 árið 2012. Árið 2019 fóru fram makaskipti á húsnæðinu að Grensásvegi 12 en verulega var farið að þrengja að félaginu þar sem byggingin var þá orðin íbúðarhúsnæði. Félagið fékk húsnæðið að Grensásvegi 8 í makaskiptum, metið á 28 milljónir. Við makaskiptin fékk félagið 10 milljónir í milligjöf sem eru á vörslureikningi. Húsnæðið hefur verið notað fyrir stjórnarfundum DÍS og var einnig lánað stjórn Villikatta fyrir stjórnarfundum að þeirra ósk.

Byggingin að Grensásvegi 8 hefur ekki verið viðhaldið í fjölda ára og er komin fram áætlun um viðhald upp á rúmar 74 milljónir. Þar sem DÍS á um 8% hlut í byggingunni þýðir það að um 5 milljóna króna kostnað í heildina leggst á félagið vegna viðhalds.

Það er mjög íþyngjandi fyrir DÍS að reka húsnæðið og auk þess hefur félagið takmörkuð not fyrir það þar sem ekki er fjármagn fyrir starfsmanni. Hentugra væri að leigja skrifstofurými þegar félagið hefur ráð á að hafa starfsmann. Stærsti eigandi í byggingunni er fyrirtækið Ísteka ehf sem stendur fyrir blóðsöfnun úr fylfullum hryssum og framleiðir lyfjaefni í bakhúsi sem nýtt er í frjósemislyf fyrir gylltur í þaueldi. Það gerir húsnæðið ekki síður óhentugt fyrir dýraverndarfélag.

Stjórn ákvað því að setja húsnæðið á sölu. Verðmat á eigninni fór fram og ásett verð er 32,9 milljónir. Nokkur áhugi hefur verið á eigninni og hefur borist eitt tilboð uppá 25 milljónir, en var full lágt. Mögulega þarf að selja húsnæðið á lægra verði en uppsett verð vegna fyrirhugaðs kostnaðar við viðgerðir, sem virðist fæla kaupendur frá. Skoðandi er að leigja húsnæðið sem



gæti reynst ágæt tekjuöflun fyrir félagið, en áður er nauðsynlegt að láta laga þakgluggana sem leka og líta illa út eftir veturinn.

Dýraverndarsambandið er orðið meira en aldargamalt og er elsta dýraverndarfélag landsins. Mikilvægt er að DÍS verði eftt enn frekar í sínu starfi og stoðir félagsins styrktar. Félagið verður 110 ára á næsta ári og stefnt er að því að fagna þeim stóra áfanga í sögu félagsins. Það er enn kraftur í félaginu sem er að vakna á ný eftir nokkurra ára lægð og mun sá kraftur aðeins aukast í þágu bættrar velferðar dýra í landinu.

Stjórn Dýraverndarsambands Íslands

Reykjavík 25. maí 2023.

Linda Karen Gunnarsd.

Sigrún Þor

Elfa Þor

Harpu Sigrúnardóttur

Þorgerður

Marianna Hauðsson